

SKATTUR Á FYRIRTÆKI

fyrirtækjaskattaréttur

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Innskattur

Glærupakki 14

Vægi 8 til 9

Mög þýðingarmikill glærupakki

Innskattur

Endurmenntun HÍ

Fimmtudaginn 24. okt. 2013

frá kl. 9 til 13

Innskattur

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

Endurmenntun HÍ
Fimmtudaginn 5. des. 2013
frá kl. 13 til 17

Innskattur

Endurmenntun HÍ

Þriðjudaginn 17. okt. 2017

frá kl. 16:15 til 19:15

Innskattur

Endurmenntun HÍ
mánudaginn 20. jan. 2020
frá kl. 08:30 til 12:30

Efnisyfirlit

1. Frá söluskatti til virðisaukaskatts
2. Hugtakið útskattur og innskattur
3. Lagagrundvöllur
4. Hverjir geta innskattað
5. Sönnunfærsla
6. Hvað má innskatta
7. Fasteignir, sérstök og frjáls skráning
8. Ökutæki, bílaleigur, bifreiðasölur, bílapartasölur
9. Hvað ekki má innskatta
10. Leiðrétting innskatts

Sagan

- Virðisaukaskattur var lögfestur með lögum nr. 50/1988 og öðluðust þau gildi 1. janúar 1989
- Komu lögin í stað laga um söluskatt er lagðist á sölu á vöru og þjónustu til **ENDANLEGS NEYTANDA**. Þetta fyrirkomulag sætti gagnrýni:
 - Í þeim tilvikum sem framleiðandi var endanlegur neytandi safnaðist skatturinn nefnilega upp í vöruverðinu og olli þar af leiðandi margsköttun
- Um síðir fór því svo að lög um söluskatt voru afnumin

Virðisaukinn

„Enginn virðisauki enginn skattur“

- Virðisaukaskattur leggst á viðskipti á öllum stigum sölu. Hins vegar sætir eingöngu **virðisauki** vörunnar eða þjónustunnar á hverju viðskiptastigi skattlagningu
- Framleiðandi kaupir hráefni í vöru fyrir 124 kr. Þar af er vsk. 24 kr. Við sölu á vörunni, eftir vinnslu, fyrir 250 kr. nemur vsk. 48 kr.
- Hins vegar þarf framleiðandinn aðeins að skila $48 - 24 = 24$ kr. í ríkissjóð þar sem draga má innskatt af hráefninu frá útskatti af vörusölunni við uppgjör virðisaukaskattsins
- Fyrir vikið er varan allt $24 \text{ kr.} \times 1,24 = 30 \text{ kr.}$ ódýrari en hún hefði orðið í gamla söluskattskerfinu

Viðskipti

- Virðisaukaskatturinn byggist á **viðskiptum** milli tveggja eða fleiri aðila
- Einhliða greiðslur t.d. styrkir bera því venjulega ekki vsk. Sama gildir um skaðabætur vegna tjóns og þess háttar
- Í slíkum tilvikum eiga sér ekki nein viðskipti stað

Eðli virðisaukaskatts

- Tekjuskattur er beinn skattur. Skv. því er skatturinn greiddur af þeim sem hann er lagður á
- Þessu er öfugt farið um virðisaukaskattinn. Þeir sem kaupa vöru og þjónustu inna skattinn venjulega af hendi í verði vöru og þjónustu
 - Við sölu/afhendingu er semsé virðisaukaskatti 24% eða 11% eftir atvikum bætt við verðið
- Kaupandinn þarf hins vegar **ekki** að skila skattinum til innheimtumanns heldur annast seljandi vöru og þjónustu um það
- **VIRÐISAUKASKATTUR ER ÞVÍ ÓBEINN SKATTUR. GREIÐANDI SKATTSINS ER SEMSÉ ANNAR EN SÁ ER BORGAR HANN**

Hvað er virðisaukaskattur, hver fann hann upp ...

Maurice Lauré

From Wikipedia, the free encyclopedia



This article **does not cite any sources**. Please help [improve this article](#) by adding citations to reliable sources. Unsourced material may be challenged and [removed](#). (December 2009) ([Learn how and when to remove this template message](#))

Maurice Lauré (1917 - 20 April 2001) is primarily known for creating the *taxe sur la valeur ajoutée* (TVA in [French](#), otherwise known as [value added tax](#) (VAT) in [English](#)).

Originally an [engineer](#) of the [École Polytechnique](#) with the [French postal and telephone service](#) (PTT), he joined the French tax inspectorate after World War II. In 1952, he became joint director of the new tax authority, the *Direction générale des impôts*, which he had helped to create.

In 1954, he invented an [indirect tax](#) on consumption which became the TVA. His idea was quickly adopted because it forced taxpayers at all levels in the production process to administer and account for the tax themselves, rather than putting the burden only on retailers or requiring assessment by the tax authorities.

He later joined the board of several private sector companies, including [Société Générale](#) (the bank) and [Nouvelles Galeries](#) (a retailer).

His name is associated to the [fr:Taxe Lauré](#) which is a tax on import goods from countries having an unfair advantage about salaries and working conditions.

Authority control [WorldCat Identities](#) [VIAF](#): [22144459](#) [ISNI](#): [0000 0000 8100 5743](#) [GND](#): [170732525](#) [SUDOC](#): [026968991](#) [BNF](#): [cb11911301g](#) ([data](#))

Categories: [1917 births](#) | [2001 deaths](#) | [French civil servants](#)

Maurice Lauré	
Born	November 24, 1917 Marrakesh
Died	April 20, 2001 (aged 83) Neuilly-sur-Seine
Nationality	French
Known for	value added tax

This page was last edited on 11 January 2018, at 05:20.

Text is available under the [Creative Commons Attribution-ShareAlike License](#); additional terms may apply. By using this site, you agree to the [Terms of Use](#) and [Privacy Policy](#). Wikipedia® is a registered trademark of the [Wikimedia Foundation, Inc.](#), a non-profit organization.

[Privacy policy](#) [About Wikipedia](#) [Disclaimers](#) [Contact Wikipedia](#) [Developers](#) [Cookie statement](#) [Mobile view](#) [Enable previews](#)



Fjöldi vsk aðila


- Á grunnskrá virðisaukaskatts um þessar mundir eru um 30 þús. aðilar
- Um 30% af heildartekjum ríkisins er vsk. Vsk er því gríðarlega þýðingarmikill skattur
- Skv. fjárlögum ársins 2020 jafngildir þetta um 260 milljörðum króna
- Er það hærri skattur en bæði tekjuskattur einstaklinga og lögaðila, sbr. eftirfarandi yfirlit

Fjárlög 2020



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 919 ma.kr.
Samsetning tekna árið 2020



„Virðisaukaskatturinn er bókstaflega engu að skila“

Elin Margrét Böövarsdóttir skrifar · 28. júlí 2018 21:00

Líkar þetta 702



Virðisaukaskattur skilar sáralitlum tekjum í ríkissjóð að sögn viðskiptafræðings. Tímabært sé að endurskoða virðisaukaskattskerfið, undanþágur séu of margar og kerfið ógagnsætt. Æskilegra væri að taka upp 1,5 prósent flatan veltuskatt sem myndi skila hærri tekjum til ríkissjóðs.

Jóhann Elíasson er nýútskrifaður úr viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri og fjallaði lokaverkefni hans um kosti og galla virðisaukaskattskerfisins á Íslandi og komst að athyglisverðri niðurstöðu. „Virðisaukaskatturinn er bókstaflega engu að skila. Tekjurnar 2011 voru 20 milljarðar og 2012 voru þær 18. Svo hafa þær reyndar farið hækkandi eftir það,“ segir Jóhann.

Rannsókn Jóhanns byggir á gögnum Ríkisskattstjóra frá árunum 2011 til 2015. Mismunur inn og útskatts segir til um þær tekjur sem eftir verða en þær voru á árinu 2011 rúmir 20 milljarðar. Árið 2012 nam mismunurinn ekki nema tæpum 19 milljörðum en hefur farið hækkandi síðan og var rúmir 53 milljarðar árið 2015.

Þetta segir Jóhann vera sáralitlar upphæðir í stóra samhenginu og leggur hann til að skoðað verði að í stað virðisaukaskatts verði tekinn upp 1,5% skattur af allri veltu.

Virðisaukaskattur er stærsti tekjustofn ríkisins

Elin Margrét Böðvarsdóttir skrifar · 29. júlí 2018 14:32

Líkar þetta 62



Niðurstöður lokaverkefnis við viðskiptafræðideild Háskólans á Akureyri komu Þórólfi Matthíassyni verulega á óvart. Þær séu á skjön við raunveruleikann.

Virðisaukaskattur er stærsti tekjustofn ríkisins þvert á það sem haldið er fram í lokaritgerð í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri. Háskólaprófessor segir að varlega þurfi að fara í breytingar á virðisaukaskattskerfinu.

Í kvöldfréttum stöðvar 2 í gær var fjallað um niðurstöður lokaverkefnis við viðskiptafræðideild Háskólans á Akureyri þar sem tekjur af virðisaukaskatti voru sagðar óverulegar. Þetta stangast á við raunveruleikann að sögn Þórólfs Matthíassonar, hagfræðiprófessors við Háskóla Íslands.

„Virðisaukaskatturinn skilar um það bil 30% af tekjum ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum 2018 og er einn af mikilvægustu tekjustofnum ríkisins.“

VÖRSLUSKATTAR RIMLAGJÖLD

- Seljendur vöru og þjónustu kallast vörslumenn vsk. Virðisaukaskattur eins og staðgreiðslan reyndar líka er því gjarnan kallaður vörsluskattur
- Rík ábyrgð liggur við vangreiðslu á virðisaukaskatti. Sé hann ekki greiddur á réttum tíma er heimilt að bæta 10% álagi við skilaskyldan vsk
 - 1% álag pr. dag þar til 10% álagi er náð
- ... og standi vanskilin lengur en 10 daga leggjast svo dráttarvextir við upphæðina

Skráning á grunnskrá muna veltulágmarkið

- Frumskráning, sjá 5. gr. vsl
 - Hver sá, sem skattskyldur er skv. 3. gr., sbr. 4. gr., skal ótilkvaddur og eigi síðar en **átta dögum** áður en starfsemi hefst tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá ríkisskattstjóra
- Niðurfelling af vsk skrá, sjá 5. mgr. 5. gr. vsl
 - Eigi skal skrá aðila samkvæmt þessari grein ef saman lagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna
- Lokun vsk númers, sjá 1. mgr. 5. gr. vsl



Rekstrarform

☐

Einstaklingsrekstur

☐

Lögaðili

☐

Protabú

Til launagreiðendaskrár /virðisaukaskattskrár

A Skráning á virðisaukaskattskrá

☐

Nýskráningar

☐

Tímabundin skráning

☐

Breytingar á fyrri
upplýsingum

Rekstur hefst

☐

Rekstur hefur
legið niðri

Rekstri lýkur

☐

Skráning á launagreiðendaskrá

☐

Nýskráningar

☐

Breytingar á fyrri upplýsingum

☐

Rekstur hefst

☐

Vegna atvinnuleysisbóta

☐

Erlend starfsmannaleiga

☐

Erlendis búsettur launagreiðandi
eða sendiráð á Íslandi

☐

Launagreiðslur eru vegna
húsbyggingar í eigin þágu

☐

Launagreiðslur eru vegna hús-
og heimilishjálpar

☐

Ef unnið er fyrir einn eða fáa - þá þarf að skila eyðublaðinu „Könnun á starfssambandi“ RSK 10.31

B Rekstraraðili/launagreiðandi/launamaður sem stendur skil á staðgreiðslu sjálfur

Nafn		Kennitala
Lögheimili		Símanúmer
Tölvupóstfang	Póstnúmer	Gsm símanúmer
Gengur fyrirtækið undir öðru nafni en hinn formlegi rekstraraðili? Hvaða nafni/nöfnum?		

ÞÝÐING SKRÁNINGAR

- regluleg starfsemi -

- Skráning á virðisaukasskrá og útgáfa vsk. númers er mjög þýðingarmikil í framkvæmd
- Þannig er ekki unnt að innskatta aðföng sem keypt eru til starfseminnar áður en vsk. númer er gefið út
- Hins vegar breytir þetta engu um útskattsskylduna. Maður sem selur fyrir 2.000.001 kr. í eitt skipti án þess að vera á virðisaukaskattsskrá ber því að skila: $2.000.001 / 1,24 = 1.612.904 \times 0,24 = 387.097$ kr. vsk í ríkissjóð

YSÚ 903/1998

Veltulágmarkið miðaðist hér við 250.000 kr. Regluleikan skortir

- Árið 1996 tók kærandi að sér að semja forrit fyrir tiltekinn banka og fékk 1.014.000 kr. fyrir. Við framtal árið 1997 **taldi hann þær tekjur fram sem höfundarlaun** að frádregnum 145.918 kr. vegna kostnaðar. Skömmu fyrir álagningu það ár reit skattstjóri kæranda bréf og óskaði skýringa á gjaldfærslunni. **Jafnframt vakti hann athygli á, að kæranda bæri skylda til að reikna sér endurgjald, sem væri staðgreiðslu- og tryggingagjaldsskylt.** Kærandi svaraði þegar bréfinu og lét í té um beðnar skýringar
- Við álagningu var tekið tillit til sumra andmæla kæranda, en öðrum hafnað. Í því sambandi var mest um vert, að skattstjóri gerði kæranda að greiða staðgreiðslu og tryggingagjald, **eins og hann hefði stundað atvinnurekstur**
- Skattaðili kærði breytingarnar til YSN, sem úrskurðaði, að í ljósi þess, að kærandi hefði ekki haft neinar tekjur af hugbúnaðargerð árið 1994 og 1995, lægi ekkert annað fyrir en að tekjur hans af hugbúnaðargerð árið 1996 **hefðu verið einstaklega tilfallandi**, og væri því ekki unnt að líta svo á, að hann hefði haft atvinnurekstur með höndum. Ákvörðun skattstjóra um að gera kæranda tryggingagjald og staðgreiðslu var því felld niður

Skil á virðisaukaskatti útskattur mínus innskattur

Eyðublað 2017 | 2017 | Ríkisskattstjóri

https://www.rsk.is/media/rsk10/rsk_1001_2015.is.pdf

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

Virðisaukaskattsskýrsla
Eintak ríkisskattstjóra

Virðisaukaskatt skal greiða hjá innheimtumönnum ríkissjóðs eða í þókkum og sparisjóðum. Skýrsla skal fylgja greiðslu. Núllskýrslum má skila á sömu stöðum. Inneignarskýrslur skal alltaf senda beint til ríkisskattstjóra

VSK nr.	Uppgjörstímabil	Gjaldldagi	Skilamáti	Kr. _____	
Ríkisskattstjóri			Sveitarfélag	A Skattskyld velta án VSK í 24% þrepi	
Kennitala - nafn - heimili - póststöð rekstraraðila				B Skattskyld velta án VSK í 11% þrepi	
				C Undanþegin velta, svo sem útflutningur	
				D Útskattur	
				E Innskattur	
				F Álagning (D-E)	
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.				G Álag á vangreiddan virðisaukaskatt	
				H ☐ Til greiðslu (F+G) ☐ Inneign	
Dagsetning		Undirskrift			

Til þess að skil teljist fullnægjandi verður eintak ríkisskattstjóra að vera útfyllt.

RSK 10.01 | 10-3-2015 | Litlaprent | 10.000

Hvað er útskattur?

Sjá 24. gr. VSL

- Með útskatti er átt við þann virðisaukaskatt sem seljandi er skyldur að innheimta við sölu á vörum og þjónustu svo og af úttekt til eigin nota og gjöfum
 - bæði nýtt og gamalt er skattskyld
- Ekki skiptir máli þótt ekki hafi verið unnt að innskatta kaupin á sínum tíma. Innheimta ber virðisaukaskatt af öllu sem maður selur nema það sé gagngert undan þegið virðisaukaskatti
- Skatthlutfall virðisaukaskatt er tvenns konar:
 - $24\% - 24/124 * 100 = 19,35\%$
 - $11\% - 11/111 * 100 = 9,91\%$

Innskattur

Sjá 3. og 4. mgr. 15. gr. vsl

- Með innskatti er hins vegar átt við þann vsk. sem atvinnurekandi þarf að greiða við kaup á vörum og þjónustu til endursölu svo og á varanlegum rekstrarfjármunum til notkunar í atvinnurekstrinum þar á meðal vegna innflutnings hans á tímabilinu, sbr. XI. kafla VSL
- Við skil á virðisaukaskatti má draga innskatt frá útskatti, **aðeins mismunurinn kemur því til skatts**

Frádráttarbær virðisaukaskattur

Sjá 1. mgr. 15. gr. vsl

mismunur útskatts og innskatts

- Þar sem seljanda vöru og þjónustu ber einungis að skila ríkissjóði **mismun** innheimts virðisaukaskatts og greidds virðisaukaskatts er afar þýðingarmikið fyrir hann að vita **hvernig** þessi frádráttur er ákveðinn
- Er allur innskatturinn frádráttarbær eða aðeins hluti hans. Svo er það formlega hliðin, skiptir hún máli

Almenn skilyrði innkattsfrádráttar

- **Vsk númer seljanda verður að vera opið**
- **Formskilyrði**
 - Reikningsútgáfa, tölusettir reikningar
 - Kt., heimilisfang seljanda, Vsk. númer
 - Kt., heimilisfang kaupanda
 - Selt magn, einingaverð
 - Fjárhæð reiknings, vsk
- **Efnisskilyrði**
 - Fullur frádráttur. Hlutfallslegur frádráttur. Engin frádráttur

Lagagrundvöllur innskattsfrádráttar skv. lögum nr. 50/1988

1. Sönnun, form kröfur reikninga, sjá 22. gr. vsl
 - Nánar, sjá reglugerð nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, II. kafli
2. Uppgjör virðisaukaskatts, sjá 15. gr. vsl. Mismunur útskatts og innskatts
 - a. Frádráttarbær innskattur, skilyrði, sjá 1. mgr. 16. gr. VSL.
Fullur frádráttur
 - b. Blönduð starfsemi, skiptigrundvöllur, sjá 2. mgr. 16. gr. VSL. **Frádráttur að hluta**
 - c. Aðföng sem aldrei má innskatta, sjá 3. mgr. 16. gr. vsl.
Enginn frádráttur
 - d. Innflutningur, sjá XI kafla VSL

XI. Sérstök ákvæði um innflutning

34. gr. VSL

1. Við innflutning á vöru skal virðisaukaskattur innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð.
2. Um ákvörðun tollverðs skulu gilda ákvæði þar að lútandi í tollalögum, nr. 88/2005 með síðari breytingum
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra ákveðið að ákvæði XV. kafla tollalaga, nr. 88/2005, **um greiðslufrest aðflutningsgjalda af innfluttum vörum**, skuli gilda með sama hætti um greiðslu virðisaukaskatts við innflutning. Gjaldagi skal eigi vera síðar en á gjalddaga virðisaukaskatts þess tímabils þegar tollafgreiðsla fer fram.
4. Erlend atvinnufyrirtæki sem selja í áskrift hingað til lands blöð og tímarit á pappírsformi skulu innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri sölu hér á landi að því gefnu að ákvæði 3. tölul. 4. gr. um veltumörk eigi ekki við
5. Aðilar sem ber skylda til að greiða virðisaukaskatt skv. 4. mgr. skulu ótilkvaddir gera ríkisskattstjóra grein fyrir kaupunum í sérstakri skýrslu í því formi sem hann ákveður. Gjaldagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga. Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara eins og í viðskiptum innan lands

Skattskyldur aðili

Hverjir geta innskattað?

- Aðeins virðisaukaskattsskyldir aðilar geta dregið inn skatt frá útskatti. **Falli aðili utan við skattskyldusvið virðisaukaskattslaga má hann því ekki innskatta**
- Þetta gildir t.d. um lækna, kennara, presta o.fl. Nánar, sjá 3. mgr. 2. gr. VSL svo sem undirstrikað er í 4. mgr. 2. gr. VSL
 - Undanþágur skv. 3. mgr. 2. gr. ná aðeins til sölu eða afhendingar á **vinnu og þjónustu** sem þar getur, en ekki til virðisaukaskatts (innskatts) af aðföngum til hinnar undanþegnu starfsemi, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr.
- **Undanþegnir aðilar geta því ekki krafist greiðslu á þeim innskatti sem þeir þurfa að greiða vegna kaupa á aðföngum til starfsemi sinnar**

Skattskyldir aðilar

Sönnurfærsla, formkröfur

1. Seljandi verður að vera skráður á grunnskrá virðisaukaskatts, sjá 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. VSL
2. Á reikningi verður að koma fram útgáfudagur reiknings, nafn, kennitala og heimilisfang svo **og vsk númer seljanda**. Einnig nafn, kennitala og heimilisfang kaupanda - fortakslaust
 - svo og upplýsingar um hið selda, eins og magn, einingaverð og heildarverð – **ekki eins fortakslaust**

YSÚ 70/2014

Þetta mál gekk til dómstóla

- Ríkisskattstjóri taldi að skilyrði innskattsfrádráttar í virðisaukaskatts skilum kæranda, sem var einkahlutafélag, á grundvelli söluveikninga frá Z ehf. hefðu **ekki** verið uppfyllt þar sem Z ehf. hefði verið „**með lokað virðisaukaskattsnúmer**“ á greindum tíma
- Í úrskurði yfirskattanefndar voru rakin lagaákvæði og aðrar settar reglur sem eiga við um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Taldi nefndin að skilja yrði forsendur ríkisskattstjóra svo að Z ehf. hefði verið felld af grunnskrá virðisaukaskatts og því ekki verið skráð samkvæmt virðisaukaskattslögum á þeim tíma þegar Z ehf. seldi kæranda þjónustu
- Lög væru ótvíræð um það að við þessar aðstæður hefði frádráttur virðisaukaskatts vegna viðskipta félaganna ekki verið heimill. Þá var kröfu kæranda um niðurfellingu álags á virðisaukaskatt hafnað

Dómur dags 22. mars 2016 í málinu nr. 506/2015: **Vörðuholt ehf. gegn íslenska ríkinu**

- Með úrskurðum ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar var V ehf. endurákvarðaður áður álagður virðisaukaskattur og höfðaði félagið mál þetta meðal annars í því skyni að fá úrskurðina ógilta. Í málinu deildu V ehf. og Í um það hvernig túlka bæri það orðalag 2. málslíðar 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt að skilyrði innskattsfrádráttar væri að seljandi væri „**skráður á virðisaukaskattsskrá**“ á því tímamarki þegar viðskipti áttu sér stað
- Óumdeilt var í málinu að viðsemjandi V ehf. hefði **ekki** verið með opið virðisaukaskattsnúmer þegar innsköttun átti sér stað, en deilt var um hvort hann hefði verið skráður á virðisaukaskattsskrá. Fallist var á það með V ehf. að framsetning ákvæðisins væri ekki að öllu leyti eins skýr og æskilegt væri, einkum með hliðsjón af því að **lokun virðisaukaskattsnúmers og afskráning af virðisaukaskattsskrá** þyrfti ekki að fara saman í öllum tilvikum
- Á hinn bóginn var í dómi Hæstaréttar rakið að lögskýringargögn bæru með sér að tilætlan löggjafans með umræddu ákvæði hafi verið að bregðast við þeim tilvikum þegar skattaðili hefði talið virðisaukaskatt til innskatts án þess að viðsemjandi hans hefði verið með opið virðisaukaskattsnúmer eða jafnvel aldrei skráður á virðisaukaskattsskrá. **Þá könnun sem tilvitnuð lagaregla ráðgerði að skattaðili framkvæmdi væri hægt að uppfylla með einfaldri skoðun á upplýsingavef ríkisskattstjóra**
- Með hliðsjón af þessu hefði fyrirsvarsmönnum V ehf. ekki getað dulist, að undangenginni slíkri könnun, að viðsemjandi þeirra væri ekki með opið virðisaukaskattsnúmer á þeim tíma þegar umrædd viðskipti áttu sér stað. Var hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um sýknu Í

Frekari kröfur

- Þar sem innskattsfrádráttur er ólíkur eftir notkun eigna getur borgað sig að taka fram á reikningi hvað eign aðföngin tilheyra
- Sem dæmi má nefna fyrirtæki sem notar bifreiðar í starfsemi sinni. Eru sumar innskattshæfar og aðrar ekki
- Þegar svo stendur á er nauðsynlegt að taka fram á hvaða bifreið eldsneyti er keypt til að forðast ágreining við skattyfirvöld síðar
- Sama gildir um endurbætur á fasteign. Atvinnuhúsnæði og íbúð

Dagsetning sölureiknings

Sjá 4. mgr. 15. gr. vsl

- Innskattur á uppgjörstímabili er sá virðisauka skattur **sem fram kemur á reikningum þeirra** sem selt hafa hinum skattsskylda aðila **á tímabilinu**
- Dagsetning sölureiknings ræður með öðrum orðum innskattsfrádrætti hans
 - **að jafnaði ...**
- Ekki má því innskatta sölueikning sem dagsettur er **áður** en stafsemi hefst eða **eftir** að henni lýkur. Sama gildir um vsk. tímabilin

Dómur dags 16. des. 1999 í málinu nr. 332/1999

Afhendingartímamark

- Í úrskurði ríkisskattstjóra 20. mars 1997 var talið að skattskyld velta V árið 1990 hefði verið vantalin um fjárhæðir tiltekinna sölureikninga sem allir höfðu verið útgefnir **1. janúar 1991** vegna vinnu sem unnin hafði verið **í desember 1990**. Var V gert að greiða viðbótarvirðisaukaskatt auk álags af þessum sökum
- Úrskurður ríkisskattstjóra var staðfestur af yfirséðanefnd. Í framhaldi gekk málið til dómstóla. V krafðist ógildingar úrskurðar yfirséðanefndar og taldi að miða ætti við útgáfudag reiknings við uppgjör skattskyldrar veltu, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1987 um virðisaukaskatt. **Í héraðsdómi var talið, að V hefði samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 501/1989 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila borið að gefa út reikninga sína í lok þess mánaðar sem vinnan var innt af hendi**
- Þótt á það væri fallist, að reynst **gæti óhæg skylda** að gefa út reikning við sérhverja afhendingu eða í lok mánaðar þætti það eitt ekki veita nægjanlega stoð til að víkja frá skýrum ákvæðum settra laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Var kröfu V um ógildingu úrskurðarins hafnað. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms með skírskotun til forsendna hans
-

Ýmsir reikningar

Tökum t.d. Símann hf.

- Þar segir t.d.
 - Notkun fyrir júlí 2017 – 0 kr.
 - Mánaðargjöld fyrir ágúst 2017 – 12.104 kr. þar af vaskur 2.342,71 kr. Síðan er það útskriftargjaldið
- Að lokum er tekið fram
 - Útgáfudagur 31. júlí 2017
 - Gjaldalagi 20. ágúst 2017
 - Eindagi 4. sept. 2017
- Hvaða tímabili tilheyrir vskurinn?
 - júlí – ágúst eða sept. – okt.

Innorganir

- Almennt ber að miða vsk. við **afhendingu**.
Þetta gildir fortakslaust nema greiðsla á vöru og þjónustu fari fram áður en afhending á sér stað
- Fyrirframgreiðslu upp í væntanlegt söluverð ber nefnilega að afvika og sé salan með 24% eða 11% vsk. má kaupandi innskatta söluna

Nánar um sönnun

Sjá 6. mgr. 20. gr. VSL

Sjá líka 8. gr. bókhaldslaga

- **Til sönnunar á innskatti verður skattskyldur aðili að geta lagt fram reikninga eða önnur gögn**
 - Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna
 - Sömuleiðis skal aðili, sem flytur inn vörur erlendis frá, geta lagt fram greiðsluskjöl frá tollyfirvöldum fyrir virðisaukaskatti sem lagður er á vörur þær er hann flytur inn

Hin bókhaldslegu skilyrði

Reglugerð nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu
virðisaukaskattsskyldra aðila

- Nánar, sjá 4. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar sem áskilur
 - **Frumrit** sölureikninga
 - **Frumrit** gíróseðla
 - **Frumrit** kreditreikninga og afreikninga
- Frumrit kaupsamninga og afsöl eru því **ekki** fullnægjandi innskattsgrundvöllur
 - Undantekning. Kaup á bifreiðum til niðurrifs, sjá reglugerð um innskatt, 9. gr. A þegar keypt er af ekki skattskyldum aðilum

Bensínkaup hjá Cosco ehf.

- Bensínið hjá Cosco er ódýrara en annars staðar og nýta margir sér það
- Þegar kaupin eru um garð gengin býðst manni að fá kvittun til staðfestingar kaupunum
- Á kvittuninni kemur fram kt. og vsk. seljandans svo og magn og vskur. Hins vegar er hvorki bílnúmer né nafn kaupandans birt heldur aðeins félagsnúmer og því eðlilegt að sp. sé hvort það dugi
 - Telst kvittunin löglegt bókhaldsskjal er semsé spurning

Nafn og kennitala kaupanda _____		Útgáfudagur _____													
Reikningur fyrirfram töluasettur Nafn, kennitala og vsk-númer seljanda _____		Tumi ehf. Kt. 551111-0129 Vsk-númer: 99303 Nr. 456													
Greiðandi: Verkfræðistofa Viðars ehf. Kt. 661212-4569		REIKNINGUR Dagsetning 15.09.2010													
<table border="1"> <tr> <td>An:</td> <td>Upphæð:</td> </tr> <tr> <td>Uppsetning á tölvubúnaði</td> <td>30.000</td> </tr> <tr> <td>12 kst x 2.500</td> <td></td> </tr> <tr> <td>25,5% vsk.</td> <td>7.650</td> </tr> <tr> <td>Greitt:</td> <td></td> </tr> <tr> <td>Samtals:</td> <td>37.650</td> </tr> </table>		An:	Upphæð:	Uppsetning á tölvubúnaði	30.000	12 kst x 2.500		25,5% vsk.	7.650	Greitt:		Samtals:	37.650	Skatthlutfall virðisaukaskatts Magn og einingarverð Tegund sölu, þ.e. lýsing á hinu selda	
An:	Upphæð:														
Uppsetning á tölvubúnaði	30.000														
12 kst x 2.500															
25,5% vsk.	7.650														
Greitt:															
Samtals:	37.650														
Heildarverð með virðisaukaskatti Fjárhæð virðisaukaskatts Heildarverð án virðisaukaskatts		_____													

Tilgreining hins selda, sjá YSÚ 52/2002

- Skattstjóri hafnaði tilfærðum innskatti á virðisaukaskattsskýrslu kæranda samkvæmt fjórum reikningum frá A þar sem skattstjóri taldi ekki koma fram **nægilega tilgreiningu** hins keypta á reikningunum
- Yfirséðanefnd taldi lýsingu á hinu keypta á reikningunum ekki gefa tilefni til að draga í efa að um **væri að ræða vinnu A** við skattskylda starfsemi kæranda. Var fallist á kröfu kæranda.

Um reikningana nánar

- Skattstjóri byggði á því að fullnægjandi upplýsingar um tegund sölu, magn og einingaverð, sbr. áskilnað 3. og 4. tölul. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, kæmu ekki fram á umræddum reikningum, heldur væri hinu selda einungis lýst „**v/imislegt**“, og því uppfylltu þeir ekki skilyrði svo færa mætti af þeim innskatt, sbr. 1. mgr. 15. gr. nefndrar reglugerðar
- Með bréfi skattstjóra, dags. 29. september 2000, hefði því verið beint til kæranda að gera ítarlega grein fyrir hinu keypta samkvæmt þessum reikningum. Hefði verið bent á að útgefandi þyrfti að gefa út **fylgiblað** og leiðréttu reikningana ef þeir ættu að geta gefið rétt til innskatts
- Í bréfi umboðsmanns kæranda, sem borist hefði skattstjóra 17. október 2000, væri greint frá því að algengt tímagjald hefði verið 2.100 kr. og hefðu reikningarnir verið lagfærðir. Kvað skattstjóri þá leiðréttingu felast í því að skrifað hefði verið einingaverð á hvern reikning, rúmlega 2.600 kr. með virðisaukaskatti, og þannig fenginn tímafjöldi. Taldi skattstjóri að engan veginn væri fullnægt skilyrðum fyrrnefndra reglugerðarákvæða

Frekari skilyrði skv. virðisaukaskattslögum

- Lög um bókhald áskilja að Reikningseyðublöð séu fyrir fram tölusett í samfelldri töluröð
- Þar að auki verður **Reikningur** að bera **greinilega** með sér hvort virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð hans eða ekki
- Ekki nóg með það því Tilgreina verður hver fjárhæð virðisaukaskatts er, ellegar að virðisaukaskattur sé 19,35% af heildar verði, eða 9,91%, þegar um er að ræða sölu í lægra skattþrepinu
- **Við sölu til skattskylds aðila skal fjárhæð virðisaukaskatts ætíð koma fram**

Reikningsleg fjárhæð innskatts

... sem fram kemur á reikningum þeirra ...

- Kaupandi er bundinn af þeirri fjárhæð innskatts sem fram kemur í reikningi seljanda
- Breytir engu **hvort** frjárhæðin er of há eða of lág
 - Of háa fjárhæð vsk ber að leiðrétta í árslok, sbr. 3. mgr. 22. gr. VSL. Nánar, sjá leiðréttingarskýrslu
 - Of lága fjárhæð verður hins vegar að leiðrétta að höfðu samráði við seljanda
 - Úrræði: Neita að borga og krefjast nýs reiknings

Um leiðréttinguna nánar sjá 3. mgr. 22. gr. VSL

- Þeir sem tilgreina á einhvern hátt á reikningum sínum að virðisaukaskattur sé innifalinn í heildarfjárhæð **skulu skila skattinum í ríkissjóð**
 - Breytir engu hvort þeir eru skattskyldir eða ekki
- Sama gildir um skattskylda aðila sem tilgreina á reikningum sínum **of háan virðisaukaskatt** eða virðisaukaskatt af viðskiptum sem ekki eru skattskyld
- ✓ Verði leiðréttingu komið við gagnvart kaupanda fellur skilaskylda **(á hinum of háa og lága)** virðisaukaskatti samkvæmt þessari málsgrein niður

Skiptir greiðsla máli?

- Innskattur er frádráttarbær hvort sem hann hefur verið greiddur eða ekki
 - töpuð krafa, leiðrétting offærð útskatts
- Þetta gildir fortakslaust nema þegar um **innflutning** er að ræða,
 - Hafi innflytjandi ekki samið við tollstjóra um greiðslu vsksins á ákveðnum gjalddögum (**tollkrít**) ber ávallt að miða við **greiðslu / afhendingu**

Samrekstur

- Venjulega tilheyrir innskattur þeim sem reikningur hljóðar á, það er viðtakanda vöru og þjónustu
- Stundum kemur fyrir að óskyldir aðilar sameinist um rekstur ákveðins hluta starfsemi sinnar t.d. skrifstofu
- Þegar svo stendur á geta þeir skipt innskatti af aðföngum til samrekstursins á milli sín að fullnægðum ákveðnum skilyrðum
 - frumrit reiknings sé áritað um skiptinguna og ...
 - upplýst sé um hver varðveiti frumritið og ljósrit af frumritinu sé varðveitt hjá öllum hlutaðeigandi aðilum

Tilgreining

- Reikningur þessi er vegna samreksturs A, B og C á skrifstofurými og skipist hann jafnt á milli þeirra
- Frumrit reiknings er varðveitt í bókhaldi A

Staðgreiðslusala

minni kröfur á nafngreiningu

- Við staðgreiðslusölu smásöluverslana og hliðstæðra aðila er ekki skylt að gefa út reikning á nafn, kennitölu og heimilisfangi kaupanda **nema salan sé til aðila sem skattskyldur er samkvæmt ákvæðum þessara laga**
- Sé reikningur gefinn út í **slíkum viðskiptum** má víkja frá kröfum um auðkenni á reikningum eftir nánari reglum sem ráðherra setur
- Reikningur, að fjárhæð 6.000 kr. eða minna, frá smásöluverslun eða aðila, sem nær eingöngu selur til endanlegs neytanda, telst fullnægjandi í þessu sambandi **enda þótt ekki komi fram nafn og kennitala kaupanda**

Innskattur

Ákvörðun innskattsfrádráttar

Þrír flokkar svo

1. Fullur innskattsfrádráttur, sjá 1. mgr. 16. gr.
2. Innskattsfrádráttur að hluta. Blönduð starfsemi, sjá 2. mgr. 16. gr.
 - Nánar, sjá reglugerð um innskatt
3. Enginn innskattsfrádráttur, sjá 3. mgr. 16. gr.

Fullur innskattsfrádráttur

Nánar, sjá 1. mgr. 16. gr. vsl

- Til innskatts á hverju uppgjörstímabili skal telja virðisaukaskatt af aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum sem eingöngu varða sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu

... eingöngu varða ... ekki gleyma 3. mgr. 16. gr. VSL

- Ef aðili stundar mest megnis virðisaukaskatts skyldastarfsemi er almennt ekki ástæða til að efast um að innkaupin varði **eingöngu** hina virðisaukaskattsskyldu starfsemi
- Þann fyrirvara verður þó að gera að innkaupin séu frádráttarbær við uppgjör tekjuskatts. Hafni skattyfirvöld frádrættinum með þeim rökum að innkaupin hafi gengið til að fullnægja persónu legum þörfum atinnurekanda myndi innskatturinn af aðföngunum því vera felldur niður líka

YSÚ 159/2005

- Kærandi, sem hafði með höndum útgáfu á bæjarblaði sem dreift var ókeypis, var skráð í grunnskrá virðisaukaskatts vegna **sölu á auglýsingum** sem birtust í blaðinu. Skattstjóri féllst ekki á að tilfærður innskattur vegna kaupa kæranda á **ljósritunarvél** væri eingöngu vegna virðisaukaskattsskyldrar starfsemi hennar þar sem efni blaðsins væri **ekki eingöngu** fólgið í auglýsingum
- Mat skattstjóri það svo að þáttur auglýsinga í blaðinu væri 50% á móti öðru efni og lækkaði hinn umdeilda innskatt til samræmis
- Yfirskattanefnd taldi að forsendur skattstjóra í þessu sambandi fengju ekki staðist þar sem skattskyld starfsemi kæranda væri gagngert fólgin í útgáfu umrædds auglýsingablaðs. Af þeim sökum og þar sem ekki var dregið í efa að ljósritunarvél hefði eingöngu verið keypt til að ljósrita blaðið til dreifingar var fallist á kröfu kæranda

Innkaup varða **ekki eingöngu** virðisaukaskattsskylda starfsemi : EF

1. Innkaupin ganga til að fullnægja persónulegum þörfum atvinnurekanda – ekki innskattshæfur kostnaður – eins og sagði hér að framan
2. Innkaupin varða eingöngu starfsemi sem fellur utan við skattskyldusvið laganna skv. 3. mgr. 2. gr. VSL – ekki innskattshæfur kostnaður
3. Enn hvað með innkaup sem **bæði** ganga til að fullnægja rekstrarlegum og persónulegum þörfum / skattskyldri og ekki-skattskyldri starfsemi **Má alls ekki innskatta þau?**

... jú það má þar sem ...
Sjá nánar 2. mgr. 16. gr. vsl
Blönduð starfsemi

- Ráðherra er heimilt að setja reglur um að til innskatts meggi telja **ákveðinn hluta** af virðisauka skatti innkaupa **sem ekki varða eingöngu sölu skattaðila á vörum og skattskyldri þjónustu**
- Þessar reglur er nú að finna í reglugerð nr. 192/1993 um innskatt og skv. henni gilda ólíkar reglur um innskattsfrádráttinn eftir því hvort um er að ræða 1) almennan rekstur, 2) úttekt til eigin nota, 3) rekstur ökutækja og 4) fasteignir

Blönduð starfsemi

Sjá 3. gr. reglugerðar nr. 192/1993 um innskatt

- Aðili, sem hefur með höndum blandaða starfsemi, þ.e. starfsemi sem að hluta er virðisaukaskattsskyld en að hluta undanþegin skattskyldu, sbr. 2. gr. VSL getur talið til innskatts þann virðisaukaskatt sem fellur á kaup hans á vörum og þjónustu, eftir því sem nánar er ákveðið í 4.-5. gr. reglugerðar um innskatt, sbr. þó sérreglur um ýmis innkaup í 7.-9. gr. sömu reglugerðar

Skiptilyklar

Almennur rekstur, nánar sjá 5. gr. innskattsreglugerðarinnar

Virðisaukaskatt af aðkeyptum vörum og þjónustu svo og rekstrarfjármunum, sem keypt eru bæði til nota vegna skattskylds þáttar í starfsemi aðila og skattfrjáls þáttar (blönduð not), er heimilt að telja til innskatts í **sama hlutfalli** og sala **skattskyldrar vöru og þjónustu** (án virðisaukaskatts) **hvers reikningsárs** er af heildarveltu ársins

Hvað merkja orðin?

Veltu reglan

- Heildarvelta merkir allt í senn bæði skattskylda sölu þar með talið sölu sem undanþegin er skattskyldri veltu á tímabilinu, sbr. 12. gr. VSL (útflutningur) og sölu sem fellur utan við skattskyldusvið laganna, það er undanþegna sölu, sbr. 3. mgr. 2. gr. VSL
- Umfram allt eru þetta þó tekjur af **regluglegri starfsemi** sem þýðir að sala **rekstrarfjármuna** er undanþegin heildarveltunni. Nánar, sjá 1. mgr. 5. gr. innskattsreglugerðarinnar

Uppgjör ársins við hlutföllun rekstrarárið 2017 göngum við útfrá 2016

- Innan hvers reikningsárs má nota hlutfallstölu **næstliðins reikningsárs** við útreikning innskatts
- Við skil vegna síðasta tímabils hvers árs skal fara fram afstemming á innskattsfrádrætti liðins árs
- Á fyrsta ári virðisaukaskattsskyldrar starfsemi **skal hlutfallstalan reiknuð til bráðabirgða fyrir hvert einstakt uppgjörstímabil**, en endanlegt uppgjör fer fram við skil **vegna síðasta tímabils ársins**

Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi

Fylgiskjal með skattframtali 2017 (vegna rekstrar 2016)

I Rekstraraðili

Nafn rekstraraðila	Kennitala rekstraraðila	VSK-númer
Heimili	Póstnúmer og pósthólf	Pósthólfsnúmer og póstnúmer
Sveitarfélag	Starfsemi	Atvinnugrein

II Skipting veltu (sala rekstrarfjármuna ekki meðtalin)

Heildarvelta samtals án virðisaukaskatts (sala rekstrarfjármuna ekki meðtalin)	A	
Sala vegna virðisaukaskattsskyldrar starfsemi án virðisaukaskatts (sala rekstrarfjármuna ekki meðtalin)	B	
Hlutfall skattskyldrar starfsemi af heildarveltu (B/A)	2015	2016 (Hlutfall B/A)
	C	

III Skipting innskatts, annars en vegna byggingarframkvæmda

Innkaup ársins eingöngu vegna skattskyldrar starfsemi (án byggingarframkvæmda)	Heildarfjárhæð án VSK D	Innskattur E
--	-----------------------------------	------------------------

Innkaup ársins vegna sameiginlegra nota (án byggingarframkvæmda)		Innkaup ársins í 24% þrepi án VSK	Innkaup ársins í 11% þrepi án VSK
1.	Heildarfjárhæð án þess VSK sem dreginn hefur verið frá sem innskattur		
2.	Áður fráðreginn innskattur	+	+
3.	Heildarfjárhæð með virðisaukaskatti	=	=



Spreyttu þig á þessu verkefni

VIÐSKIPTI	Kr.
Skattskyld velta í 25,5% þrepi	12.000.000
Skattskyld velta í 7% þrepi	100.000.000
Skattfrjáls velta	
Sala undanþegin skattskyldusvið laganna	200.000.000
Útskattur	
Innskattur	

III. hluti – virðisaukaskattur og skattskil – (20%)

Paradís er gróðuræll staður á Suðurlandi, umlukinn háum trjágróðri og hefur verið stundaður þarna landbúnaður frá örófi alda. Fyrir um 10 árum keyptu ung hjón jörðina og hafa á undanförnum árum byggt upp þróttmikla ferðaþjónustu og grænmetisrækt undir merkjum einkahlutafélagsins síns sem ber sama nafn og jörðin, Paradís ehf. Jarðhitinn á svæðinu gerir það að verkum að þarna er hægt að rækta kynstrin öll af tómötum í ýmsum afbrigðum. Einnig eru þau hjón alþekkt hjá þeim er stunda hestamennsku þar sem þau rækta og temja hross sem þykja einstaklega góð til ræktunar, sýninga og undaneldis. Paradísarhrossin eru ekki síður þekkt hjá stórum hluta þeirra útlendinga sem koma til Íslands og vilja kynna íslenska hestinum því daglega eru haldnar í Paradís hestasýningar með kynningu á 15 tungumálum. Sjá hjónin ásamt börnum sínum um að sýna hesta undir dynjandi lófaklappi sem hljómar reyndar eins á rússnesku og ensku! Hrossaræktin er stunduð í nafni annars félags og eru góð sýningarhross seld yfir til Paradísar ehf. til notkunar á hestasýningunum. Þau hross eru síðan geymd í sérstöku hesthúsi við sýningarsvæðið.

Paradís ehf. á öll mannvirki á jörðinni sem eru nýtt undir atvinnurekstur félagsins, þ.e. allt húsnæði utan íbúðarhúsnæðisins sem er í eigu hjónanna sjálfra. Eru flest öll gróðurhús í notkun en sumarið 2011 var opnað nýtt gróðurhús þar sem einnig er gert ráð fyrir aðstöðu undir kaffihús og fyrirlestra m.a. fyrir þá ferðamenn sem koma til þess að sjá hestana og fá síðan leiðsögn um gróðurhúsin ásamt veitingum á eftir. Tekjurnar af heimsókn í nýja gróðurhúsið fóru reyndar ekki að streyma inn fyrr en á árinu 2012 en eitthvað kom inn af tekjunum á árinu 2011.

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir um rekstur Paradísar ehf. á árinu 2011:

- Seldir aðgöngumiðar á hestasýningar kr. 200.000.000.
- Seldir tómatar og annað grænmeti kr. 100.000.000.
- Aðgangur að gróðurhúsi m/kaffihlaðborði inniföldu kr. 12.000.000.

Virðisaukaskattur (vsk) er ekki innifalinn í neinni framangreindra fjárhæða.

- Vsk af aðföngum sem varða hestasýningarnar eingöngu kr. 10.000.000.
- Vsk af aðföngum sem varða gróðurhúsaræktunina eingöngu kr. 25.000.000.
- Vsk af aðföngum sem varða sameiginlega allan rekstur kr. 15.000.000.
- Vsk af aðföngum er varða viðhald og nýbyggingu gróðurhúsa kr. 20.000.000.
- Vsk af aðföngum vegna kaffihlaðborðs og aðgangs að gróðurhúsi kr. 4.000.000.

Með aðföngum er hér átt við aðkeypta þjónustu, vörur og rekstrarfjármuni til nota í rekstrinum.

Úrlausnarefni:

Reiknið út uppgjör Paradísar ehf. á virðisaukaskatti fyrir árið 2011 með hliðsjón af þeim reglum sem gilda um skattskyldu til virðisaukaskatts og innskattsheimildir. Þeir liðir sem skulu koma fram ef við eiga eru:

- Skattskyld velta í 25,5% skattþrepi.
- Skattskyld velta í 7% skattþrepi.
- Undanþegin velta í vsk-skyldri starfsemi.
- Undanþegin starfsemi skv. 3. mgr. 2. gr.
- Útskattur
- Innskattur

Skipting innskatts

- Innskattur af aðföngum sem varða hesta sýningarnar eingöngu, 10.000.000 kr. Ekki innskattshæfur vsk - íþróttasýningar
- Innskattur af aðföngum sem varða gróðurhúsa ræktunina eingöngu, 25.000.000 kr. Í gróður húsunum er ræktað grænmeti sem selt er með 7% vsk. Aðföngin má því innskatta að fullu
- Innskattur að aðföngum sem varða sameiginlega allan rekstur, 15.000.000 kr. Þennan innskatt ber að hlutfalla eftir veltu
- Innskattur af aðföngum sem varða viðhald og nýbyggingu gróðarhúsa, 20.000.000 kr. Gróðurhúsin eru varanlegir rekstrarfjármunir. Aðföngin má því innskatta að fullu
- Innskattur af aðföngum vegna kaffihlaðborðs og aðgangs að gróðurhúsi, 4.000.000 kr. Aðgangseyrin að gróðurhúsinu er með 25,5% vski þannig að innskatturinn er að fullu frádráttarbær

Einka not og önnur not persónulegt mat

- Nú eru innkaup skattaðila bæði vegna sölu hans á skattskyldum vörum og þjónustu og til einkanota eða **annarra nota** sem **ekki** varða rekstur hans, og má þá telja virðisaukaskatt af slíkum innkaupum til innskatts að því leyti sem þau teljast varða virðisaukaskattsskyldan rekstur – **hér má því áætla**
- **Sem dæmi um rekstrarnot og einkanot má nefna afnotagjöld síma sem notaður er jöfnum höndum í þágu atvinnurekstrar og einkaþágu atvinnurekanda**
- Þegar mat er lagt á hvort innkaupum sé réttilega skipt milli skattskylds reksturs og einkanota skal taka mið af þeim reglum og þeirri framkvæmd sem mótask hefur við **tekjuskattsálagninguna**

Fasteignir

- Fyrirtæki sem ákveður að byggja eigið húsnæði til afnota í rekstrinum sem varanlegan rekstrar fjármun má innskatta byggingarkostnaðinn eftir venjulegum reglum
- Sama gildir um endurbætur og viðhald. Hins vegar getur komið til **skiptingar** ef húsnæðið er nýtt að hluta til persónulegra þarfa eigenda fyrirtækis eða í ekki vsk skattskyldri starfsemi

Fasteignir

varanlegir rekstrarfjármunir

- Við skiptingu á innskatti af aðföngum sem ekki eru eingöngu notuð í virðisaukaskattskyldri starfsemi ber að ganga út frá **veltu** af reglulegri starfsemi – eins og sagði hér að framan
- Frá þessu er þó vikið þegar um nýbyggingu og endurbætur fasteigna er að ræða, sem að hluta eru notaðar við tekjuöflun í rekstri og annarra þarfa. Við skiptinguna ber þá að ganga út frá:
 - **Byggingarkostnaði**. Ef nýting/gæði húshluta er **ekki sambærileg, en**
 - **Fermetrastærð**. Ef nýting/gæði húshluta er sambærileg

Endurbætur, viðgerð og viðhald

- Ef gert hefur verið við húsnæði sem eingöngu er nýtt í virðisaukaskattskyldri starfsemi má innskatta viðgerðarkostnaðinn að fullu (varanlegir rekstrarfjármunir, atvinnuhúsnæði)
 - Skilyrði: Af reikningi verður þó að vera unnt að sjá við hvaða húshluta var unnið, sbr. bílana hér að framan
- Sé húsnæði bæði nýtt í virðisaukaskattsskyldri og virðisaukaskattsfrjálsri (undanþegin) starfsemi ber að hlutfalla innskatttinn eftir **fermetrastærð**. Sjá 4. mgr. 7. gr. innskattsreglugerðar

Rekstrarkostnaður fasteigna vsk. skiptist eftir veltu

- Ef húsnæði er bæði nýtt undir virðisaukaskatts skylda starfsemi og starfsemi sem fellur utan við skattskyldusvið laganna ber að skipta innskatti af **REKSTRARKOSTNAÐI** þess (hiti, rafmagn, viðhald)
- Skv. 8. gr. innskattsreglugerðarinnar **má** ganga út frá **veltu** þegar svo stendur á. Sama gildir um innskatt af öðrum framkvæmdum er beint tengjast fasteigninni sem slíkri svo sem lögnum, lóð, bifreiðastæði o. fl.

Út – Leiga: fasteigna á íbúðarhúsnæði, skrifstofubyggingu

- **Aldrei** er heimilt að innskatta íbúðarhúsnæði (byggingu og rekstur)
 - breytir engu þótt húsnæðið sé notað í þágu virðis aukasttskattskyldrar starfsemi
 - hlutaðeigandi getur þó átt rétt á vsk af **vinnu** skv. bráðabirgða ákvæði XV með lögum nr. 50/1988
- Sama gildir um **aðrar fasteignir en** íbúðar húsnæði, sem leigðar eru út, nema útleigan sé í frjálsri skráningu — aðstöðuleiga
 - Af hverju: Jú - úteigan fellur utan við skattskyldusvið laganna, sbr. 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. VSL

Dómur hæstaréttar dags. 20. sept. 2012 í málinu nr. 59/2012 Elliheimilið Grund

- Staðfest var niðurstaða héraðsdóms um sýknu R af kröfu G um að felldur yrði úr gildi úrskurður R í máli G gegn skattstjóranum í Reykjavík þar sem hafnað var beiðni G um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna aðkeyptrar vinnu við endurbætur og breytingar á húsnæði sínu
- Var ekki talið að húsnæði G teldist til **íbúðarhúsnæðis** samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 1. mgr. XV. ákvæðis til bráðabirgða við lögin og reglugerð nr. 440/2009

Fasteignir

vskur - ekki vskur

- Innskatta má byggingu fasteigna fyrir eigin reikning sem ætlunin er að nota sem varanlegan rekstrarfjármun
 - Þær eru jú þegar svo stendur á venjuleg aðföng
- Kaupi maður hins vegar fasteign sem annar hefur reist falla viðskiptin utan skattskyldu sviðs virðisaukaskattslaga — leiðréttingarskylda
 - Fasteignir teljast jú ekki vara. Almennt ber því ekki að vska þær
- Víkja má frá þessu með sérstakri og frjálsri skráningu

Sérstök skráning

Sjá reglugerð nr. 577/1989

um sérstaka og frjálsa skráningu

- Aðili, sem byggir fasteign á eigin lóð eða leigulóð og **selur hana til skattskylds** aðila samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, getur sótt um **sérstaka skráningu** til skattstjóra. Sérstök skráning getur **tekið til hluta fasteignar**. Sérstök skráning nær ekki til íbúðarhúsnæðis
- Í umsókn um sérstaka skráningu skal tilgreina þá fasteign sem skráningunni er ætlað að ná til. Eftirtalin gögn skulu fylgja umsókn:
 1. Skriflegur og fullgildur kaupsamningur byggingaraðila og skattskylds aðila um fasteignina
 2. Yfirlýsing kaupanda um ætluð not hans á fasteigninni
 3. Skuldbinding kaupanda um yfirtöku á kvöð um leiðréttingu innskatts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988, verði breyting á notkun fasteignar sem hafi í för með sér breytingu á frádráttarrétti

Frjáls skráning

Sjá reglugerð nr. 577/1989 um sérstaka og frjálsa skráningu

- Sá sem í atvinnuskyni leigir út fasteign eða hluta fasteignar getur sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra
- Í umsókn um frjálsa skráningu skal tilgreina þá fasteign eða hluta fasteignar sem skráningunni er ætlað að taka til
- Eftirtalin gögn skulu fylgja umsókn:
 1. Skriflegur leigusamningur.
 2. Yfirlýsing leigutaka um að hann samþykki fyrir sína hönd frjálsa skráningu og þar með greiðslu virðisaukaskatts af leigugjaldi.
 3. Vottorð um að yfirlýsingu skv. 2. tölul. hafi verið þinglýst

Ökutæki, sbr. 9. gr. innskattsreglugerðar en hvað með reksturinn???

Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar eða (rekstrar, kaup) leigu **eftirtalinna ökutækja** nema þau séu **EINGÖNGU** notuð vegna sölu skattaðila á vörum eða skattskyldri þjónustu:

1. Sendi- og vörubifreiða með leyfðri heildarþyngd 5.000 kg eða minna, sem uppfylla eftirtalin skilyrði: L
SEP
 - a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg L
SEP
 - b. Farmrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipils skal vera a.m.k. 1700 mm að hleðsludyrum eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið, mælt frá miðri framrúðu. L
SEP
 - c. Í farmrými mega hvorki vera sæti, né annar búnaður til farþega-flutninga. Sé bifreið breytt úr fólksbifreið í sendi- eða vörubifreið skulu sæti í farmrými fjarlægð með varanlegum hætti, t.d. þannig að sætisfestingar séu einnig fjarlægðar

Ökutæki, sbr. 9. gr. innskattsreglugerðar, framhald **en hvað með reksturinn???**

2. Hópbifreiða I, þ.e. bifreiða sem aðallega eru ætlaðar til fólksflutninga fyrir 9 farþega eða fleiri, með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minna
3. Hópbifreiða II, þ.e. bifreiða sem aðallega eru ætlaðar til fólksflutninga fyrir 9 farþega eða fleiri, með leyfða heildarþyngd yfir 5.000 kg
4. Bifhjóla
5. Torfærutækja, þ.e. vélsleða, tví-, þrí- og fjórhjóla
6. Loftpúðatækja

HVORT ER HAGSTÆÐARAÐ VERA MEÐ VSK-BÍL EÐA EKKI?

VSK-bifreiðar þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði s.s. að farangursrýmið sé stærra en farþegarýmið. Ekki má heldur gleyma því að VSK-bifreiðar má einungis nota fyrir búð en ekki til einkanota. Ef hins vegar bifreið er án vsk-númera (færð á einka) en uppfyllir samt skilyrði vsk-bifreiða, þá má færa bifreiðakostnaðinn til gjalda og fá þar af leiðandi vsk-gjöld endurgreitt en þó bara að því hlutfalli sem bifreiðin er notuð fyrir búð. Þegar kemur að fyrningum þá má færa vsk-bíllinn hámarki 20% en bíll án vsk-númera hefur fasta fyrningu sem var fyrir árið 2006 370.000 kr. óháð því hvað bifreiðin kostaði og hve lengi hún hefur verið fyrnt. Þess má þó geta að fasta fyrningin er breytileg milli ára en síðustu ár hefur hún farið hækkandi. Ríkisskattstjóri ákvarðar slíkt ár hvert.

Tökum sem dæmi, Jón og Gunna vita ekki hvort þau eigi að hafa bíllinn á vsk-númerum eða ekki en bíllinn uppfyllir öll skilyrði skv. reglugerð ríkisskattstjóra.

Bíllinn er ekinn 20.000 km á ári og kostnaður á ekinn km er 30 kr/km fyrir utan afskriftir eða 600.000 þús. á ári. Ef bíllinn er hins vegar ekki á vsk-nr. og 90% af not bilsins eru vegna búðsins má færa 90% af öllum gjöldum vegna reksturs bilsins til gjalda. Föst fyrning er 370.000 kr. eins og áður segir og er 90% af þeirri upphæð 333.000 kr sem færa má til gjalda. Það kostar 600.000 kr á ári að reka bíllinn og 90% af því eru 540.000 kr sem færa má til gjalda.

Í töflu 1. má sjá útreikninga til fimm ára ef bíll sé keyptur á 1 milljón eða 3 milljónir, sömu forsendur eru notaðar þ.e.a.s. kostnaður er sá hinn sami milli verðflokka. Bifreiðakostnaður er 600.000 kr fyrir bíl með vsk-nr. En 540.000 kr fyrir bíl án vsk-nr miðað við 90% notkun á ári. Bíllinn er fyrntur um 15% ár hvert en miðað er við að fasta fyrningin sé 333.000 kr á ári.

Tafla 1. Mismunandi áhrif bilverðs og fyrningar.

	Bíll ein millj.	Vsk-nr.	Án vsk-nr. fyrir báða verð flokka	Bíll þrjár millj.	Vsk-nr.
	Fyrning	Fyrning + kost.	Föst fyrning + kost.	Fyrning	Fyrning + kost.
1. ár	150.000	750.000	873.000	450.000	1.050.000
2. ár	127.500	727.500	873.000	382.500	982.500
3. ár	108.375	708.375	873.000	325.125	925.125
4. ár	92.119	692.119	873.000	276.356	876.356
5. ár	78.301	678.301	873.000	234.903	834.903
Gjöld	556.295	3.556.295	4.365.000	1.668.884	4.668.884

Niðurstaða:

Ef bíllinn er án vsk-nr. þá hefur verð bilsins ekki áhrif á gjöldin því bíllinn hefur fasta fyrningu. Milljón króna bíllinn hefur 808.705 kr lægri gjöld en bíll án vsk-númera en þriggja milljón króna bíllinn hefur 303.884 króna hærri gjöld en bíll án vsk-númera. Á fyrsta ári er langmestur kostnaður á þriggja milljón krónu bílnum en fasta fyrningin er mun hagstæðari fyrir milljón krónu bíllinn. Þegar til lengri tíma er litið þá verður fasta fyrningin hagstæðari fyrir báða bílana eins og sjá má á töluinni. Eftir fimm ár þá eru gjöld samtals hærri á þriggja milljón krónu bílnum heldur en bílnum án vsk. Þess má því geta að hugsanlega geti myndast söluhagnaður á sölu vsk-bíla en það ræðst þá af fyrningar % auk gæðar og gerð bilsins.

Lokaniðurstöður:

Megin munurinn á vsk-bíl og ekki vsk-bíl er að vsk-bíllinn er bundinn við notkunina á búinu og því ekki löglegt að nota hann til einkanota. Eftir því sem bíllinn er ódýrari verður fasta fyrningin hagstæðari. Lokaniðurstaðan er því sú að það er skattalega hakvæmara að vera með bíl án vsk-númera en geta samt fært bifreiðakostnaðinn til gjalda í réttu hlutfalli við notkunina á búinu.

YSÚ 305/2004

- Við ákvörðun **frádráttarbærs bifreiðakostnaðar** reiknaði kærandi, sem hafði með höndum búrekstur og skógrækt, með **fastri afskrift** bifreiðar
- Yfirséttanefnd benti á að umkrafinn frádráttur væri byggður á reglum ríkisskattstjóra um fasta afskrift bifreiðar sem bæði væri notuð í þágu atvinnurekstrar og til einkanota
- Þar sem bifreið kæranda var **eingöngu** notuð í þágu skógræktar kæranda en ekki höfð að neinu leyti til eigin nota hans var talið að gjaldfærsla bifreiðakostnaðar á fyrrgreindum grundvelli ætti ekki við í tilviki kæranda, enda yrði ekki annað séð en að telja mætti bifreið kæranda fyrnanlega eign

VSK-merki

- VSK-merki hafa hvítan flöt með endurskini með rauða rönd á brúnum og rauða stafi. Upphleyptur flötur er fyrir skoðunarmiða og rauður upphleyptur tígullaga flötur er vinstra megin við bókstafi. VSK-merki geta eingöngu verið á bifreiðum.

VSK-bifreið

- VSK-bifreið getur verið sendibifreið (N1) eða vörubifreið I (N2) = < 5.000 kg að leyfðri heildarþyngd.
- Sendibifreiðar og vörubifreiðar I verða að auki að standast VSK-skoðun á skoðunarstofu.
- VSK-bifreið má ekki bera einkamerki.

VSK-skoðun

- Áður en heimilt er að afhenda VSK-merki á bifreið verður hún að standast VSK-skoðun á skoðunarstofu ef það kemur ekki fram í gerðarlýsingu að ökutækið uppfylli VSK - kröfur.
- Við VSK-skoðun er gengið úr skugga um að skráð flutningsgeta í fólksrými sé minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðarinnar ef miðað er við að hver farþegi vegi 68 kg og bílstjóri 75 kg.

Farmrými

- Farmrými í sendi- og vörubifreiðum þarf almennt að vera 1,70 m eða lengra á lengd.
- Í farmrými mega hvorki vera sæti né annar búnaður til farþegaflutninga.
- Þegar litlum fólksbílum er breytt í sendibifreið verður farmrýmið að vera lengra en farþegarými.
- Í bifreið með sérstöku farmrými til vöruflutninga skal vera skilrúm sem ver öðrum og farþega gegn framskriði farms.
- Farmskilrúm skal vera lokað og ná frá gólfi til lofts í vörubifreið I.
- Í opnu farmrými skal farmskilrúmið ná frá gólfi farmrýmis og í a.m.k. 100 cm hæð fyrir ofan setu þess sætis sem hæst stendur í fólksrými.

Breytingaskoðun

- Ef bifreið er ekki skráð sendibifreið eða vörubifreið I verður hún að fara í breytingaskoðun þar sem notkunarflokkur er breytt. Að lokinni skráningu á breytingunni er heimilt að afhenda VSK -merki á bifreiðina líggja fyrir að bifreiðin uppfylli VSK -kröfur.

VSK-kröfur

- Við gerðarskráningu sendibifreiða og vörubifreiða I er skráð í gerðarlýsingu hvort gerðin uppfylli VSK - kröfur og koma þessar upplýsingar fram í upplýsingamynd ökutækjaskrár og við nýskráningu.
- Einnig er unnt að færa ökutæki í breytingaskoðun á skoðunarstofu þar sem gengið er úr skugga um að VSK-kröfur séu uppfylltar.

Förgun skráningarmarkja

- Þegar VSK-merki eru afhent á VSK-bifreið þá er almennu merkjunum fargað.
- Ef VSK-merkjum er skilað inn og almenn merki afhent á bifreiðina er VSK-merkjunum fargað.

Afhending almennra merkja

- Heimilt er að afhenda almenn merki á ökutæki sem skráð er á VSK-merki án sérstakrar skoðunar sé VSK-merkjum skilað inn.
- ATH. ef það á að setja aftursæti í aftur og fjölga farþegum þarf ökutækið að fara í breytingaskoðun.**

Notkunarflokkur

- Þegar VSK -merki eru skráð „afhent“ á bifreið breytist notkunarflokkur hennar sjálfkrafa í „VSK-bifreið“.
- Þegar VSK -merkjum er skilað inn og almenn skráningarmerki afhent að nýju breytist notkunarflokkurinn í „Almenn notkun“.

Munið: Rauðu númerinn

- Skilyrði þess að telja megi til innskatts virðisauka skatt af **öflun** bifreiðar skv. 1. og 2. tölul. hér að framan er að hún sé auðkennd með **rauðum** skráningarmerkjum
- Þessi regla gildir þó ekki um bifreiðar eignaleigu fyrirtækja þegar leigutaki hefur **ekki rétt** til innskatts af leigugjaldi svo og bifreiðar bílaleigu fyrirtækja – **bifreiðar til einkanota**

Vskur af rekstri ökutækja

- Kaupverð framangreindra bifreiða má **aldrei** innskatta nema þær séu **eingöngu** notaðar í virðisauksskattskyldri starfsemi
- Að því er varðar reksturinn er skilyrðið aðeins rýmra. Rekstur bifreiða sem eingöngu er notaðar í virðisauksskattskyldri starfsemi má auðvitað innskatta að fullu
- Ef um er að ræða **blönduð not** vegna undanþeginnar starfsemi, einkanota o. fl. ber hins vegar að skipta innskattinum eftir eknum km ...

Innskattur af kaupverði og rekstri annarra bifreiða ein þeirra sem taldar eru upp í 9. gr. innskattsreglugerðarinnar 3. mgr. 16. gr. vsl

- Falli ökutæki **ekki** undir 9. gr. innskattsreglu gerðarinnar má við blönduð not hlutfalla innskatt af kaupverði og rekstri
- Þetta getur t.d. átt við um sendi- og vörubifreiðar með leyfðri heildarþyngd **yfir** 5.000 kg.
 - Dæmi: Akstur með vörur og ökukennsla

Einkanot ökutækja

- Ökutæki **skal ekki talið** notað eingöngu vegna sölu á vörum eða skattskyldri þjónustu ef það er notað af eiganda þess eða starfsmanni hans til einkanota **p.m.t. til aksturs milli heimilis og vinnustaðar**
- Verði maður uppvís að því að nota ökutæki til eignþarfa er innskattur af kaupverði skilyrðislaust felldur niður og innskatti af rekstri t.d. skipt í hlut föllunum 25% einkanot og 75% rekstrarnot 6 ár aftur í tímann

Vaka o. fl. aðilar sem sinna vaktþjónustu

- Aðilar sem sinna vaktþjónustu geta fengið heimild skattýfirvalda til að geyma ökutæki heima að næturlægi án þess að eiga á hættu að missa innskatt af kaupverði og rekstri slíks öku tækis
- Nauðsynlegt er þó að sækja um slíka heimild **fyrirfram** og rökstyðja vel hvers vegna bifreiðin þarf að vera geymd heima hjá starfsmanni/eiganda að nætur lagi. Ath. þessar bifreiðar þurfa ekki heldur að vera á rauðum númerum
- Bifreiðahlunnindi. Ath.



RSK

Viðtakandi (skattstjóri)

Tilkynning um rétt til takmarkaðra nota VSK-bifreiðar í einkapágu, þ.e. í formi aksturs milli heimilis og starfsstöðvar við upphaf og lok starfsdags

Tilkynning þessi er um:

Upphaf einkanota (A)	Breytingu einkanota (B)	Lok einkanota (C)

Upplýsingar um rekstraraðila og bifreiðina (ávallt ber að útfylla þennan lið)

Eigandi/umráðamaður bifreiðar (rekstraraðili)	Skráningarnúmer bifreiðar sem tilkynningin varðar
Kennitala rekstraraðila	Virðisaukaskattsnúmer rekstraraðila

A Upphaf einkanota

Nafn rétthafa takmarkaðra einkanota	Kennitala rétthafa
Heimili rétthafa	Póstnr. og sveitarfélag rétthafa
Starfsstöð rétthafa	Staða rétthafa Eigandi ☐ Starfsmaður ☐
Vegalengd milli heimilis og starfsstöðvar (km)	Upphafsdagur einkanota

Með heimili er átt við lögheimili eða annan fastan dvalarstað rétthafa.

Með starfsstöð er átt við fasta starfsstöð rétthafa. Hafi hann ekki fasta starfsstöð ber að miða við aðalstarfsstað fyrirtækisins.

B Breyting einkanota (1)

Mál nr. 336/1998

Karton ehf. gegn íslenska ríkinu

- Félagið K keypti bifreið til notkunar í þágu atvinnurekstrar síns. Sást **tvisvar** til bifreiðarinnar, þar sem henni var lagt að næturlagi utan við M, heimili eigenda og framkvæmdastjóra K
- Vegna þessa var virðisaukaskattur og álag vegna bifreiðarinnar endurákvarðað. Taldi K að staða bifreiðarinnar við M hefði verið heimil, þar sem hluti starfsemi og vörugæymslu K hefði verið færður í bílskúr við M vegna húsnæðisvanda K
- Talið var að 1. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 tæki til bifreiðarinnar og að ekki hefðu verið leiddar líkur að því að bifreiðin hefði **eingöngu** verið notuð í tengslum við virðisaukaskattsskylda starfsemi K, þó að aðstaða hafi verið í M í þágu atvinnurekstrarins
- Var niðurstaða héraðsdóms um að sýkna ríkið af kröfum K staðfest

Ökutæki til niðurrifs

- Bílapartasölur er kaupa bifeiðar til niðurrifs af einstaklingum eru skyldar að innheimta 24% útskatt af endursölu niðurifinna bílaparta
- Til að jafna samkeppnisstöðu þeirra er þeim heimilt að draga frá þeim útskatti 19,35% inn skatt af kaupverði hlutaðeigandi ökutækis þegar seljandi er ekki skyldur að innheimta virðisaukaskatt af sölunni – ekki atvinnurek

Sérstakar reglur

Tengjast bifreiðum

- **Sérstaka skattverðsreglan** leyfir ákveðnum aðilum að miða skattverð við 80,65% af mismun á söluverði og innkaupaverði
 - Útskattur er því 19,35% af skattverðinu svo reiknuðu
 - Reglan gildir ekki ef tap er af viðskiptunum það er söluverð lægra en innkaupaverð
- Sérstaka frádráttarreglan heimilar þó **ákveðnum aðilum** að reikna 19,35% af tapi til frádráttar á móti reiknuðum útskatti

Hvað ekki má innskatta

Sjá 3. mgr. 16. gr. vsl

- Til innskatts er ekki heimilt (aldrei heimilt) að telja virðisaukaskatt af aðföngum er varða eftirfarandi:
 1. Kaffistofu eða mötuneyti skattaðila og hvers konar fæðis kaup hans
 2. Öflun eða rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir eiganda eða starfsmenn
 3. Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna
 4. Öflun og rekstur orlofsheimila, sumarbústaða, barnaheimila og þess háttar fyrir eiganda eða starfsmenn
 5. Risnu og gjafir
 6. Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða og hópbifreiða. Sama á við um sendi- og vörubifreiðar með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minna sem ekki uppfylla skilyrði um burðargetu og lengd farmrýmis er ráðherra setur í reglugerð ➡ rauð númer

Rök fyrir höfnun innskatts endurspegla

- ... vilja til að gera **ekki** upp á milli greiðslu launa í fríðindum og hlunnindum annars vegar reiðufé hins vegar
- Fyrirtækið (launþeginn) er oftast en ekki endanlegur neytandi aðfanganna
- Ótakmarkaður innskatts frádráttur myndi valda mismunun/leiða til mismununar

Fæðiskaup

- Ekki er heimilt að innskatta kaup á mat og kaffi þar með talið kaffibrauði sem atvinnurekandi og starfsmenn fá endurgjaldslaust til neyslu í vinnunni / fyrirtækinu
- Greiði starfsmenn fyrir fæðið má hins vegar innskatta efniskostnaðinn
- Umrætt bann er túlkuð rúmt í framkvæmd. Þannig tekur það ekki aðeins til kaupa á mat, kaffi, te o. fl. heldur líka til kaupa á hvers konar vélum og tækjum til matar gerðarinnar, kaffineyslunnar, lausar innréttingar o. fl.
- Ekki er hins vegar gerð krafa um hlutföllun innskatts af aðföngum til byggingar þótt hluti af húsnæði sé nýtt undir kaffistofu

Almennt um fæðis kaup

- Það sem ekki má innskatta samkvæmt 1. tölul. 3. mgr. 16. gr. vsk. er kaup og neysla fæðis í fyrirtækinu
- Svo og hvers konar fæðis kaup atvinnurekanda t.d. á ferðalögum vegna viðskiptaferða o. fl.
- Í því sambandi gildir einu hvort neytandi fæðisins er atvinnurekandi sjálfur, starfsmaður hans eða viðskiptamenn, sbr. risna

Veitingarekstur, bílaleiga

- Kaup á matvælum til endursölu til almennings ber hins vegar 11% vsk. Sama gildir um vínföng (11%)
 - Matarkaup starfsmanna reiknast sem venjuleg viðskipti
- Þessu er eins farið um útleigu á bifreiðum. Bílaleigur þurfa því að greiða 24% vsk. af útleigu sinni

Öflun og rekstur íbúðarhúsnæðis

- Kostnaður við öflun og rekstur íbúðarhúsnæðis sem atvinnurekandi notar undir starfsemi sína má ekki innskatta
- Atvinnurekandi sem notar hluta af íbúð sinni undir starfseminni er því óheimilt að innskatta öflun og rekstur húshlutarins
- Með íbúðarhúsnæði er átt við fasteign sem notuð er til heilsársdvalar ásamt hvers konar geymslum, þar með talið bílskúr o. fl. sem tilheyra henni
- Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að innskatta kaup og rekstur á vinnuskúr sem notaður er sem matar og gistiskáli – telst ekki fasteign, heldur lausafé

Hlunnindi til eiganda eða starfsmanna

- Séu laun eiganda og starfsmanna fyrirtækis greidd í formi hlunninda má ekki innskatta þau
- Með hlunnindum er átt við greiðslu í fríðu t.d. ókeypis fæði og klæði svo og endurgjaldslaus afnot af hvers konar eignum fyrirtækis
 - **Öryggis- og hlífðarföt sem atvinnurekanda er skylt að láta starfsmönnum í té má hins vegar innskatta að fullu**

Öflun og rekstur orlofsheimila o.fl. fyrir eiganda eða starfsmenn Sjá 4. tölul. 16. gr. VSL

- Þótt það komi ekki fram í þessu ákvæði byggir bannið við innskattfrádrætti þegar um öflun og rekstur orlofsheimila o. fl. á því að afnotin séu endurgjaldslaus
- Séu starfsmenn krafðir um greiðslu fyrir afnotin fer heimild atvinnurekanda til að innskatta kaupin og rekstur hlutaðeigandi byggingar eftir því hvort þjónustan sé virðisaukaskattsskyld eða ekki
- Ath. orðalagið: „og þess háttar“ í niðurlagi ákvæðisins. Sp. hvort hótalgisting sé innifalin í því

Risna og gjafir

- Atvinnurekandi má ekki innskatta risnu og gjafir
- Um skilgreiningu á risnu vísast til d-liðar 6. gr. reglugerðar nr. 483/1994 um frádrátt frá tekjum í atvinnurekstri
 - Risna vegna atvinnurekstrar, þ.e. sá kostnaður sem lagt er í til að ljúka viðskiptum, afla nýrra viðskipta-sambanda eða halda þeim við, enda sé kostnaður eðlilegur miðað við tilefni
 - Hér til telst m.a. veitingahúsakostnaður, kostnaður vegna veiðiferðar með viðskiptamönnum, kaup á áfengi, blómagjafir til viðskiptamanna o. fl.

Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða og hópbfreiða

- Ekki má innskatta kaup og rekstur Fólksbifreiða, þar með taldar skutbifreiða og jeppabifreiðar í eigu fyrirtækja
- Bannið byggist fyrst og fremst á tæknilegum ástæðum. Hlutföllun innskatts af rekstri er þannig talinn erfið í framkvæmd
- Bannið tekur ekki til bifreiðasöluumboða og bifreiðarleigu fyrirtækja. Vskur þeirra er með venjulegum hætti

Fólksbifreiðar; hvað ekki má innskatta

Kaup á ...

- Bensín, Dísel, Smurningsþjónusta, Þvottur og þrif svo og hvers konar Viðgerðir
- Bifreiðagjald er ekki með vsk svo að ekki þarf að hafa áhyggjur af því. Sama gildir um váttrygginguna
- Í úrskurði yfirséðanefndar nr. 328/2000 reyndi á heimild atvinnurekanda til að innskatta akstur um Hvalfjarðargöng og sagði þar:
 - Veggjald um Hvalfjarðargöng **talið falla undir aðföng varðandi öflun, rekstur og leigu** fólksbifreiða samkvæmt 6. tölul. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988
 - Virðisaukaskattur af gjaldinu leyfðist því ekki til frádráttar sem innskattur og var kröfu kæranda þar að lútandi hafnað

En hvað með leigu á fólksbifreiðum

- Almennt er óheimilt að innskatta leigu á fólksbifreiðum
- Breytir engu þótt þær séu eingöngu notaðar til rekstrarnota t.d. viðskipta ferða
- Til að mega innskatta verður bifreiðin að vera á rauðum númerum eða falla untan við gildissvið 9. gr. innskattsreglugerðarinnar
 - Hins vegar ber leigusalanum allt af að útskatta

Leiðrétting innskatts

bakfærsla áður færðs innskatts

- Með innskattsfrádrætti getur skattaðili lækkað skilaskyldan virðisaukaskatt sinn. Hið opinbera verður semsé fyrir tekjutapi
- Ef breyting verður á forsendum frádráttarins. Aðföng **hætta** að vera **eingöngu** notuð í tengslum við virðisaukaskattsskylda sölu getur atvinnu rekandi þurft að endurgreiða vskinn til baka
- Lagagrundvöllur. Sjá 3. málsl. 3. mgr. 16. gr. VSL og IV kafla innskattsreglugerðar nr. 192/1993, greinar 12. til 16.

Aðföng sem háð eru leiðréttinarskyldu

- **Varanlegir rekstrarfjármunir:**

- Leiðréttingin tekur til véla, tækja áhalda, innréttinga og annarra lausafjármuna sem rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur, enda nemi kaupverð (stofnverð) einstakrar eignar eða eignasamstæðu a.m.k. 250.000 kr. (án virðisaukaskatts) eftir að það hefur verið framreiknað **samkvæmt byggingarvísitölu**

- **Fasteignir:**

- Leiðréttingarskyldan tekur til innskatts af efni, vinnu, tækjanotkun o.fl. vegna nýbyggingar, endurbyggingar og endurbóta, svo og vegna viðgerða og viðhalds, enda sé samtals verðmæti þessara framkvæmda a.m.k. 500.000 kr. (án virðisaukaskatts) eftir að það hefur verið framreiknað **samkvæmt byggingarvísitölu**

—

Atvik sem orsakað geta leiðréttarskyldu

- **Breyting verður á notkun aðfanga:**
 - Skattskyld starfsemi breytist í undanþegna starfsemi
 - Full not (eingöngu) verða blönduð not
 - Hlutfallstala blandaðra nota hækkar/lækkar meira en 10%
- **Breyting verður á rekstri:**
 - Fyrirtækið hættir rekstri. Útskatta ber vörur og varanlega rekstrarfjármuni eins og um sölu sé að ræða. Upphefur innskattsleiðréttinguna
 - Fyrirtæki er selt. Ef kaupandi er virðisaukaskattskyldur yfirtekur hann breytingarkvöðina skv. 4. mg. 12. gr. VSL

Óinnskattshæf aðföng

Viðskipti utanrekstrar

- Ekki má innskatta aðföng sem keypt eru af óskráðum aðilum
- Breytir engu þótt atvinnurekandi hafi þau **eingöngu** til nota í virðisaukaskattsskyldri starfsemi sinn
 - Þetta gildir í öllum tilvikum nema þegar um kaup á bifreiðum til niðurrifs er að ræða
- Við sölu á aðföngunum síðar meir getur atvinnu rekandi þurft á útskatta söluna enda þótt hann hafi ekki notið innskattfrádráttar á sínum tíma

Tímafrestir

hversu lengi lifir kvöðin?

- Leiðréttta skal innskatt vegna öflunar lausafjár muna verði breyting á forsendum frádráttar á næstu **fimm árum** talið frá og með því ári þegar eignanna var aflað
- Leiðréttta skal innskatt vegna framkvæmda við fasteignir verði breyting á forsendum frádráttar á næstu **tuttugu árum** talið frá og með því ári þegar framkvæmd fór fram
 - Hafi húsnæði í útleigu verið skráð frjálsri skráningu en hlé orðið á útleigu og eign staðið ónotuð í sex mánuði eða lengur telst sá tími ekki með þegar leiðréttingar-tíminn er reiknaður út

Útreikningur leiðréttingar

Lausafé, 5 ára reglan

- Vegna lausafjármuna er leiðréttingarskyldan 80% á næsta ári eftir því ári þegar innskattsfrádráttur fór fram
 - 60% á þar næsta ári og lækkar síðan um 20% árlega
- Fyrir hvert tímabil sem er skemmra en eitt ár (12 mánuðir) er leiðréttingarskyldan 1,67% á mánuði

Útreikningur leiðréttingar

Fasteignir, 20 ára reglan

- Vegna fasteigna er leiðréttingarskyldan 95% á næsta ári eftir því ári þegar innskattsfrádráttur fór fram
 - 90% á þar næsta ári og lækkar síðan um 5% árlega
- Fyrir hvert tímabil sem er skemmra en eitt ár (12 mánuðir) er leiðréttingarskyldan 0,42% á mánuði.

Brottfall leiðréttingarskyldu

Leiðréttingarskyldan verður óvirk

- Ef varanlegur rekstrarfjármunur er seldur með fullum útskatti
- Ef kaupandi fasteignar sem reist hefur verið í sérstakri skráningu hyggst leigja hana út í frjálsri skráningu
- Ef kaupandi fasteignar sem er í frjálsri skráningu samþykkir að taka yfir vsk kvöð hennar
- Ath. Sé frádráttarréttur kaupanda minni en seljanda, getur kaupandi yfirtekið leiðréttingarskylduna hlutfallslega. Skal seljandi þá standa skil á þeirri fjárhæð sem eftir verður

Skýrsla þessi er ekki fyrir þá sem hafa styttri uppgjörstímabil en tvo mánuði.
Leiðbeiningar eru á bakhlið 2. samrits.

Vegna ársins

Ár

Leiðrétting er vegna:

- ☐ Fyrri skila
- ☐ Breytingar á forsendu ársskilamáta
- ☐ Breytingar á forsendu 6 mán. skilamáta

A Rekstraraðili

Nafn rekstraraðila	Kennitala rekstraraðila	VSK-númer
Heimili	Póstnúmer og pósthólf	Pósthólfsnúmer og póstnúmer
Sveitarfélag	Starfsemi	Atvinnugrein

B Sundurliðun á tímabil samkvæmt bókhaldi

Skrá skal inn netkvæðar tölur í G-reit ef um inn eign er að ræða (t.d. -1000)

Tíma- bil	Skattskyld velta án VSK í 24% þrepi	Skattskyld velta án VSK í 25,5% þrepi	Skattskyld velta án VSK í 11%	Undanþegin velta	Útskattur	Innskattur	Til greiðslu (inneign) skv. bókhaldi	Til greiðslu (inneign) skv. innsendri skýrslu
1. jan. feb.	A01	A1	B11	C1	D1	E1	F1	G1
	B1 Skattskyld velta án VSK í 7% þrepi		H1 Álag á vangreiddan virðisaukaskatt		Til greiðslu		I1 Mismunur úr reitum F1 og G1	
2. mars apríl	A02	A2	B12	C2	D2	E2	F2	G2
	B2 Skattskyld velta án VSK í 7% þrepi		H2 Álag á vangreiddan virðisaukaskatt		Til greiðslu		I2 Mismunur úr reitum F2 og G2	
3. maí júní	A03	A3	B13	C3	D3	E3	F3	G3
	B3 Skattskyld velta án VSK í 7% þrepi		H3 Álag á vangreiddan virðisaukaskatt		Til greiðslu		I3 Mismunur úr reitum F3 og G3	
4. júlí ágúst	A04	A4	B14	C4	D4	E4	F4	G4
	B4 Skattskyld velta án VSK í 7% þrepi		H4 Álag á vangreiddan virðisaukaskatt		Til greiðslu		I4 Mismunur úr reitum F4 og G4	

Kaup og sala fasteigna

Ábyrgð fasteignasala

- Við kaup atvinnuhúsnæðis er mjög þýðingar-
mikið að kanna hvort á því hvíli innskattskvöð
og reynist svo vera að búa svo um hnútana að
kaupandi samþykki að taka hana yfir
- Farist þetta fyrir. Eign er seld án þess að
nokkuð sem minnst á innskattskvöðina er ekki
víst að unnt sé að samþykkja yfirtökuna með
afturvirkum hætti síðar

Dæmi

Siggi er að hætta starfsemi. Samkvæmt ársreikningi hans er bókfært verð lagersins 1.500.000 kr. og lausafjár 500 þús. Hver er vskur hans?

Eign	Bókfært verð	Vsk.
Lager, 24%	1.500.000	360.000
Lausafé, 24%	500.000	120.000
Alls	2.000.000	480.000

Er einhver leið að komast fram hjá þessum vsk? Hlutaðeigandi eignir geta auðvitað verið ónýtar og ef svo er þarf ekki að greiða vsk. af þeim

Lokaorð

S P U R N I N G A R